

Samningur milli Ísafjarðarbæjar og Act alone

1. gr.

Samningsaðilar og markmið

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði, og Act alone, félagasamtök, kt. 580608-0510, Aðalstræti 42a, Þingeyri, gera með sér svofelldan samning um að Ísafjarðarbær styrki einleikshátíðina Act alone, sem haldin er árlega, með greiðslu fjármuna og vinnu starfsmanna þjónustumiðstöðvar og láni á eignum sveitarfélagsins.

Markmið samningsins er að efla og glæða áhuga bæjarbúa á leiklist og auðga menningarlíf í Ísafjarðarbæ, auk þess að efla enn frekar leiklistarhátíðina Act alone sem haldin er á Suðureyri að sumarlagi.

2. gr.

Skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær greiðir styrk til Act alone að fjárhæð kr. 700.000 á hverju samningsári, í kjölfar þess að hátíðin er haldin ár hvert.

Greiðsla hvers árs skal fara fram gegn útgáfu rafræns reiknings, og skal reikningur berast Ísafjarðabæ að lágmarki tveimur vikum fyrir greiðsludag.

Ísafjarðarbær leggur til starfskrafta starfsmanna þjónustumiðstöðvar við fegrun og snyrtingu umhverfis Suðureyrar, u.þ.b. viku fyrir hátíðina. Felst vinnuframlagið í því að sópa götur, tæma ruslafötur, slá gras á opnum túnnum og hreinsa beð. Í kjölfar hátíðarinnar verða ruslafötur tæmdar aftur.

Ísafjarðarbær leggur hátíðinni til, til láns, fánastangir og útisvið ef þörf krefur, og leggur jafnframt til starfskrafta starfsmanna þjónustumiðstöðvarinnar til flutnings og uppsetningu fánastanga og sviðs í samráði við forsvarsmann hátíðarinnar.

Upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar skal koma upplýsingum á framfæri um hátíðina á þeim miðlum sem tengjast sveitarfélaginu.

3. gr.

Skyldur Act alone

Act alone skal halda einleikshátíðina Act alone árlega á samningstímanum.

Act alone skal sjá um hreinsun rusls sem fellur til á svæðinu í tengslum við hátíðina á þeim dögum sem hátíðin stendur yfir, og koma því í ruslafötur til tæmingar, í samræmi við 2. gr. samningsins.

Act alone skal sjá til þess að aukið verði við almenningssamgöngur þá daga sem hátíðin stendur yfir.

Act alone skal upplýsinga tengilið Ísafjarðarbæjar um hátíðina og afhenda kynningarefni hátíðarinnar til birtingar hjá Ísafjarðarbæ, sbr. 2. gr. reglnanna.

Act alone skal láta þess getið í kynningarefni sínu að um samstarfssamning við Ísafjarðarbæ sé að ræða vegna verkefnisins, s.s. með nafngreiningu eða birtingu skjaldamerkis sveitarfélagsins.

4. gr.

Samskipti

Upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur umsjón og eftirlit með samstarfssamningi þessum og er fulltrúi Ísafjarðarbæjar gagnvart Act alone, en fulltrúi þess er Elfar Logi Hannesson.

Allar breytingar og viðaukar sem gerðir eru við þennan samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Allar orðsendingar, tilkynningar og kvartanir, vegna samnings þessa skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

5. gr.

Vanefndir

Vanefni Act alone skyldur sínar verulega samkvæmt samningi þessum skal hann falla úr gildi.

Komi til þess að Act alone verði ekki haldið eitthvert samningsárið falla allar skyldur Ísafjarðabæjar niður samkvæmt samningi þessum, það ár sem hátíðin er ekki haldin.

6. gr.

Önnur ákvæði

Samningur þessi er til þriggja ára, þ.e. árið 2024-2026, og rennur út án uppsagnar í lok árs.

Samningur þessi er uppsegjanlegur með 3ja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum samningsaðila.

Ísafjörður, 3. nóvember 2023

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Act alone, félagasamtaka

Arna Lára Jónsdóttir

Elfar Logi Hannesson

bæjarstjóri

forsvarsmaður Act alone